

Föstudaginn 1. júní 1984.

Nr. 5/1984.

Vinnuveitendasamband Íslands

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h.

Verkamannasambands Íslands vegna

Verkamannafélagsins Hlífar

(Guðný Höskuldsdóttir hdl.).

Kjarasamningur.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Árni Guðjónsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms 28. f.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 11. maí 1984.

Stefnandi málsins er Vinnuveitendasamband Íslands, Reykjavík.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkamannafélagsins Hlífar í Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Aðallega, að staðfest verði með dómi Félagsdóms, að fyrirvari Verkamannafélagsins Hlífar á félagsfundi 1. mars 1984 við samþykki kjarasamnings Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands frá 21. febrúar 1984 sé ógildur og samningur félagsins við Hval h/f vegna hvalvinnslu framlengdur með kjarasamningnum.

Til vara, að samþykki kjarasamningsins með nefndum fyrirvara sé dæmt ógilt.

Að stefndi greiði stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Aðalkrafa: Að hið stefnda félag verði sýknað af kröfum stefnanda og að fyrirvari, sem gerður var við samþykkt aðalkjarasamnings Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands, verði metinn gildur og að samningur Verkamannafélagsins Hlífar við Hval h/f hafi ekki verið endurnýjaður 1. mars 1984.

Til vara er þess krafist, að fyrirvari sá, sem gerður var um samþykki aðalkjarasamnings á félagsfundi Verkamannafélagsins Hlífar,

verði að skoðast sem nýtt tilboð og hafi því haft í för með sér, að aðalkjarasamningurinn hafi verið felldur.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda í báðum tilvikum að mati dómsins.

I.

Af hálfu stefnanda er svo frá skýrt, að hinn 12. júní 1981 hafi Verkamannafélagið Hlíf og Verkakvennafélagið Framtíðin gert samkomulag við Hval h/f um vinnu við hvalvinnslu. Þetta samkomulag hafi gilt frá 11. júní til 1. nóvember 1981. Með kjarasamningi ASÍ og VSÍ 30. júní 1982 hafi allir síðast gildandi samningar aðildarféлага þeirra verið framlegndir til 31. ágúst 1983, þar með talið framangreint samkomulag. Hinn 25. júlí 1983 hafi Verkamannafélagið Hlíf sagt samkomulaginu upp miðað við 31. ágúst 1983. Með samningi ASÍ og VSÍ 21. febrúar 1984 hafi svo allir síðast gildandi samningar aðila ASÍ og VSÍ verið framlengdir og hafi hvorki í umræðum né við undirskrift verið hafður uppi neinn fyrirvari um framangreint samkomulag. Verkakvennafélagið Framtíðin hafi samþykkt samninginn frá 21. febrúar fyrirvaralaust, en á fundi í Verkamannafélaginu Hlíf 1. mars 1984 hafi samningurinn verið samþykktur „með þeim fyrirvara að ekki sé verið að samþykkja samning við Hval h/f vegna hvalvinnslu“. Stefnandi kveður málsástæður og rök sín vera þau, að við gerð kjarasamninga 30. júní 1982 hafi sú stefna verið mörkuð af hálfu beggja aðila, ASÍ og VSÍ, að rammisamningur þeirra tæki jafnt til aðal- og sér-samninga einstakra stéttarféлага og vinnuveitenda og framlengdi þannig alla síðast gildandi samninga við eina samningsgerð. Þessi meginstefna sé óbreytt og hafi leitt til þess, að við síðustu samningsgerð hafi aftur allir síðast gildandi samningar verið framlegndir. Að vísu hafi einstök stéttarfélag neitað að fallast á samninginn í heild og það leitt til nýrrar samningsgerðar við þau, sem svo hafi aftur leitt til breytinga á samningi ASÍ og VSÍ frá 21. febrúar 1984. Við samningsgerðina 21. febrúar 1984 og í viðræðum í sambandi við hana hafi enginn fyrirvari verið hafður uppi vegna samkomulags Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar og Verkamannafélagsins Hlífar við Hval h/f um vinnu við hvalvinnslu, og sé fyrirvari sá, er Verkamannafélagið Hlíf gerði á félagsfundi 1. mars 1984, því of seint fram kominn og ógildur, ella verði að skoða samþykki hans sem nýtt tilboð og samþykki samningsins að öðru leyti þess vegna

ógilt hvað Verkamannafélagið Hlíf snertir, enda ekki unnt að samþykkja samning að hluta. Enn beri til þess að líta, að samningsgerðin í febrúar 1984 í heild beri það með sér, að um allsherjarsamkomulag hafi verið að ræða og fráleitt að unnt sé að útiloka einn féлага VSÍ við gerð heildarsamnings á starfssvæði verkalýðsfélags innan ASÍ. Loks beri að benda á, að í apríl 1984 hafi Verkamannafélagið Hlíf gefið út kauptaxta í samræmi við viðbótarsamkomulag ASÍ og VSÍ, en samkomulagið hafi náð til félagsmanna þeirra stéttarfélaga einna, er samþykkt höfðu samning ASÍ og VSÍ frá 21. febrúar 1984.

Af hálfu stefnanda er enn fremur á það bent, að samningur frá 21. febrúar hafi verið tekinn fyrir og samþykktur í framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambandsins sama dag. Samningurinn hafi því bundið alla féлага Vinnuveitendasambandsins á félagssvæði Verkamannafélagsins Hlífar í Hafnarfirði frá sama degi að telja. Samkvæmt lögum Vinnuveitendasambandsins, 55. gr., geti framkvæmdastjórn samþykkt slíka samninga endanlega án tilstuðlan einstakra aðildarfélaga.

Ekki liggja fyrir, hversu mörg af aðildarfyrirtækjum Vinnuveitendasambandsins í Hafnarfirði hafi félagsmenn Verkamannafélagsins Hlífar í þjónustu sinni. Þó sé ljóst, að þau skipti tugum og séu ýmist beinir aðilar að sambandinu eða félagar einhvers af 18 aðildarfélögum hafi þó ekki þýðingu gagnvart umdeildum kjarasamningi, sbr. það sem áður var sagt, enda sé Vinnuveitendasambandið sem slíkt formlegur samningsaðili vegna allra sinna féлага skv. samningi ASÍ og VSÍ frá 21. febrúar sl. Úrlausn málsins hafi þýðingu fyrir alla féлага Vinnuveitendasambandsins á félagssvæði Hlífar. Ekki verði séð, eins og málið liggur fyrir, að aðild af hálfu stefnanda geti verið með öðrum hætti.

II.

Af hálfu stefnda er á það lögð áhersla, að samningur Verkamannafélagsins Hlífar og Verkavennafélagsins Framtíðarinnar við Hval h/f frá 12. júní 1981 hafi verið gerður með það í huga, að þar væri um tilraunasamning að ræða, sem einungis hafi verið ætlað að gilda í ákveðinn tíma án uppsagnar eða til 1. nóvember 1981. Hins vegar hafi komið upp sú staða, að talið hafi verið, að samningur þessi hafi verið framlengdur, þegar Verkamannafélagið Hlíf og Verkavennafélagið Framtíðin samþykktu athugasemdalaust

rammasamning ASÍ og VSÍ frá 30. júní 1982. Til þess að slíkt hið sama endurtaki sig ekki, þegar samið yrði um kaup og kjör að nýju, hafi samkomulaginu við Hval h/f um vinnslu hvalafurða verið sagt lausu með bréfi 25. júlí 1983.

Þegar ASÍ og VSÍ höfðu undirritað kjarasamninginn þann 21. febrúar 1984, hafi orðið að leggja hann fram til samþykktar hjá aðildarfélögum ASÍ, þar á meðal Verkamannafélaginu Hlíf, sem hafi samþykkt hann með svofelldri bókun:

„Fundur haldinn í Verkamannafélaginu Hlíf fimmtudaginn 1. mars 1984 samþykkir kjarasamning, er undirritaður var 21. febrúar 1984 milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, með þeim fyrirvara að ekki sé verið að samþykkja samning við Hval h/f vegna hvalvinnslu.

Enn fremur er samþykktin háð því skilyrði að ríkið standi við þær félagslegu úrbætur, sem getið er um á fylgiskjölum með samningnum.“

Af hálfu stefnda er aðalkrafan studd þeim rökum, að skv. 5. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeildur séu stéttarfélög lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör félaga sinna. Kjarasamningur VSÍ og ASÍ frá 21. febrúar 1984 geti því ekki talist samþykktur f.h. Verkamannafélagsins Hlífar, nema hann sé samþykktur af Verkamannafélaginu Hlíf sérstaklega á félagsfundi. Til að forðast óþarfar deilur og óvissu milli atvinnurekenda og félagsmanna Hlífar hafi rammasamningurinn verið samþykktur fyrir aðra hópa en þá, sem störfuðu hjá Hval h/f við hvalvinnslu, sbr. samkomulagið frá 12. júní 1981. Verkamannafélaginu Hlíf hafi verið fullkomlega heimilt að samþykkja samninginn í heild eða fyrir ákveðna hópa félaga sinna eða fella samninginn alveg. Til að valda ekki frekari óvissu á vinnumarkaðnum en brýna nauðsyn bæri til, hafi félagið undanskilið samning við Hval h/f vegna hvalvinnslu. Verkamannafélagið Hlíf hafi ekki átt fulltrúa í samninganefnd þeirri, er undirritaði rammasamning ASÍ og VSÍ, og hafi fyrirvarinn því fyrst komið fram 1. mars 1984 á félagsfundi, en þá fyrst hafi Verkamannafélagið Hlíf getað tekið afstöðu til rammasamningsins frá 21. febrúar 1984 og komið á framfæri sínum sjónarmiðum við samningsgerðina. Fyrirvarinn um starfsmenn hjá Hval h/f, sem samkomulagið frá 12. júní 1981 tók til, geti því á engan hátt verið of seint fram kominn, enda hafi Verkamannafélagið Hlíf tilkynnt

Hval h/f afstöðu sína strax þann 5. mars 1984. Þá sé enn fremur rétt að benda á það, að VSÍ hafi verið fullkomlega ljós afstaða Hlífar til þess að framlengja samkomulagið frá 12. júní 1981 af bréfaskriftum og deilum, sem risið hafi um samkomulagið sumarið 1982. Samkomulaginu við Hval h/f hafi sérstaklega verið sagt upp þann 25. júlí 1983 og fyrirvarinn við samþykkt rammasamnings ASÍ og VSÍ frá 21. febrúar 1984 verið gerður til að girða fyrir, að þetta samkomulag framlengdist sjálfkrafa, þótt rammasamningurinn yrði samþykktur f.h. annarra félaga Hlífar en þeirra, sem samkomulagið náði til. Tilgangur Hlífar með þessum fyrirvara hafi einungis verið sá að knýja á um breytingar á ákveðnum sérkjarasamningi, sem upphaflega hafi verið gerður sem tilraunasamningur af hálfu Hlífar og hafi átt að endurskoða ári síðar. Slik endurskoðun hafi hins vegar aldrei farið fram vegna afstöðu Hvals h/f og VSÍ um gildi samkomulagsins við samþykkt rammasamningsins frá 30. júní 1982.

Það sé fráleitur skilningur að halda því fram, að rammasamningurinn milli VSÍ og ASÍ gildi einn sér um kaup og kjör félaga, sem eru í ákveðnum verkálýðsfélögum. Sérkjarasamningar hafi lengi tíðkast og gildi þeir þá á milli ákveðins aðila innan VSÍ og viðkomandi stéttarfélags og séu gerðir oft og tíðum án milligöngu ASÍ og VSÍ. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 80/1938 sé samningsrétturinn í höndum stéttarfélaganna. ASÍ hafi oft aðstoðað stéttarfélagin við gerð sérkjarasamninga, en ekki verið beinn aðili að þeim. Þá hafi sá háttur lengi tíðkast, að sérkjarasamningar séu gerðir, eftir að aðalkjarasamningur hefur verið samþykktur af viðkomandi stéttarfélagi, án þess að nokkur fyrirvari sé gerður þar um, þegar hann er samþykktur. Það sé því ekkert einsdæmi, að samið sé um sérkjarasamninga milli félaga stéttarfélags og ákveðins aðila innan VSÍ. Hlíf hafi hins vegar verið nauðsynlegt að samþykkja aðalkjarasamninginn með þessum fyrirvara, þar sem ljóst hafi verið eftir deilurnar 1982, að VSÍ f.h. Hvals h/f myndi ekki fallast á endurskoðun samkomulagsins frá 12. júní 1981. Verkamannafélaginu Hlíf hafi verið rétt að líta svo á, að það hefði samþykkt samningana fyrir aðra starfshópa innan félagsins en þá, sem unnu hjá Hval h/f við hvalvinnslu, sérstaklega þegar höfð sé í huga sú framkvæmd, sem tíðkast hefur, að gengið hefur verið frá sérkjarasamningum, eftir að viðkomandi stéttarfélag hafi samþykkt aðalkjarasamning atugasemdalaust.

Fyrirvarinn um samninga við Hval h/f hafi verið til að ítreka þá kröfu Hlifar, að sérkjarasamningur við Hval yrði endurskoðaður.

Þá er því haldið fram með vísan til 2. mgr. 6. gr. samningalaga nr. 7/1936, að stefnandi hafi samþykkt fyrirvarann, þar sem stefnandi hafi ekki tilkynnt stefnda án ástæðulausrar tafar, að hann hafnaði samþykkt félagsfundarins 1. mars 1984.

Varakrafa stefnda er studd þeim rökum, að verði ekki fallist á, að Verkamannafélaginu Hlíf hafi verið heimilt að samþykkja kjarasamning VSÍ og ASÍ fyrir hluta félagsmanna sinna, beri að skoða fyrirvarann frá 1. mars 1984 sem nýtt tilboð frá Verkamannafélaginu Hlíf, þ.e.a.s. að félagið hafi fellt kjarasamninginn frá 21. febrúar 1984 í heild, nema VSÍ féllist á endurskoðun samkomulagsins frá 12. júní 1981, og að Verkamannafélagið Hlíf sé því enn með lausa samninga. Samkvæmt almennum túlkunarreglum samningaréttar teljist tilboð ekki samþykkt, nema að því sé gegnið að öllu leyti óbreyttu, ella verði að skoða það sem nýtt tilboð. Í fyrirvara Hlifar 1. mars 1984 hafi falist áskorun um að semja sérstaklega vegna starfsmanna Hvals h/f við hvalvinnslu. Fallist VSÍ ekki á þann fyrirvara, verði að líta svo á, að Verkamannafélagið Hlíf hafi hafnað aðalkjarasamningi VSÍ og ASÍ, þar sem samþykki þess sé bundið þessu skilyrði.

III.

Í málinu liggur frammi yfirlýsing Alþýðusambands Íslands, dagsett 18. maí 1984, svohljóðandi:

„Hjálagt er samningur Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, sem undirritaður var 21. febrúar sl.

Samningurinn var undirritaður með venjulegum fyrirvörum, sem eru af hálfu Alþýðusambandsins fyrirvarar um samþykki einstakra verkalyðsfélaga, þar sem samningsrétturinn liggur hjá stéttarfélagunum skv. 5. gr. 1. nr. 80/1938, en ekki hjá heildarsamtökunum.“

Aðild stefnanda að máli þessu hefur ekki sætt andmælum.

Lögmenn aðila hafa lýst því yfir hér fyrir dómi, að varakröfur þeirra séu þær sömu að efni til þrátt fyrir mismunandi orðalag.

Líta verður svo á, að samþykkt Verkamannafélagsins Hlifar á fundi sínum 1. mars 1984 hafi verið nýtt tilboð gagnvart stefnanda. Þessu tilboði hafnaði stefnandi með bréfi 26. mars 1984. Af því leiðir, að rammasamningur Alþýðusambands Íslands og stefnanda frá 21. febrúar 1984 hefur ekki verið samþykktur, að því er Verka-

mannafélagið Hlíf varðar. Ber því að hafna aðalkröfum málsaðila. Varakröfur aðila málsins verða hins vegar teknar til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Aðalkröfum málsaðila er hafnað.

Samningur milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands frá 21. febrúar 1984 hefur ekki komist á milli Vinnuveitendasambands Íslands og Verkamannafélagsins Hlífar.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 25. júní 1984.

Nr. 2/1984.

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Guðrún Margrét Árnadóttir hdl.)

gegn

Bandalagi starfsmanna ríkis og

bæja f.h. Kennarasambands Íslands

(Gestur Jónsson hrl.).

Gæslustörf. Kennarar.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Ragnar Halldór Hall og Sigurfinnur Sigurðsson.

Málið, sem tekið var til dóm 19. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 29. febrúar 1984 af fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gegn Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja f.h. Kennarasambands Íslands, og eru stefnukröfur þær, „að viðurkennt verði með dómi, að kennurum í grunnskólum sé skylt að sinna gæslustörfum í kaffihléum sínum skv. löglegum fyrirmælum yfirmanna sinna og í samræmi við ákvæði 31. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og